

1. Álagning gjalda 2016 - Málsnr. 1512114.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að eftirfarandi forsendur verði lagðar til grundvallar álagningu útsvars, fasteignagjalda, sorpgjalda og lóðaleigu á árinu 2016.

- a. Álagt útsvar vegna launa ársins 2016 verði hámarksútsvar, þ.e. 14,48% af útsvarsstofni, að viðbættri hækkun sem kveðið verður á um í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um endurmat á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.
- b. Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts verði óbreyttar og verði því eftirfarandi á árinu 2016.
 - i. 0,3611% af álagningastofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
 - ii. 1,32% af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
 - iii. 1,65% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
- c. Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis hækki um 1,5% og verði kr. 16.336 (var kr. 16.095 árið 2015) fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp) og sorpeyðingargjald hækki um 1,5% og verði kr. 13.931 (var kr. 13.725 árið 2015) miðað við tvær tunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp). Gjöldin verði innheimt með fasteignagjöldum.
- d. Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum standi óbreytt og verði áfram 1,598% af fasteignamatsverði atvinnulóða og 1,055% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða og verði innheimt með fasteignagjöldum.

- e. Lóðarleiga af eldri lóðum (samningar dagsettir fyrir 1. janúar 2004) sem lögð er á hvern fermetra (m²) lóðar tekur viðmið af breytingum sem verða á byggingarvísitölu.
- f. Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2016 verði 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september og 15. október en eindagi gjaldanna verði 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 15.000 innheimtist með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2016.
- g. Veitt verði ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2016, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

2. Þjónustugjaldskrár - Málsnr. 1512115.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að almennar þjónustugjaldskrár hækki samkvæmt áætlaðri vísitöluhækkun neysluverðs, um 3,2% þann 1. janúar 2016.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að þjónustugjaldskrár Akraneskaupstaðar hækki 1. janúar ár hvert í samræmi við áætlaða hækkun vísitölu neysluverðs. Bæjarráði er heimilt að víkja frá hinni almennu reglu með sérstakri ákvörðun hverju sinni um tiltekna eða tilteknar gjaldskrár.

3. Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun 2016 - Málsnr. 1512116.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir gera ráð fyrir úthlutun að fjárhæð kr. 437.400.000 vegna ýmissa fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2016.

Um er að ræða eftirtalda liði:

- 3.1. Fjárfestingar og framkvæmdir á sementsreitnum að fjárhæð kr. 100.000.000.
- 3.2. Fjárfestingar og framkvæmdir vegna gatna og gangstétta að fjárhæð kr. 81.500.000.
- 3.3. Fjárfestingar og framkvæmdir á sundlaugarsvæðinu Jaðarsbökkum að fjárhæð kr. 80.000.000

- 3.4. Fjárfestingar og framkvæmdir vegna opinna svæða, að fjárhæð kr. 69.500.000, m.a. vegna Guðlaugar á Langasandi að fjárhæð kr. 30.000.000 og á Breið að fjárhæð kr. 15.000.000.
- 3.5. Fjárfesting vegna nýrrar kennslustofu við Grundaskóla að fjárhæð kr. 25.000.000.
- 3.6. Fjárfesting vegna sérúrræðis (íbúð) í búsetumálum fatlaðs fólks að fjárhæð kr. 23.000.000.
- 3.7. Fjárfesting vegna FEBAN húsnæðisins Dalbraut 6 að fjárhæð kr. 10.000.000.
- 3.8. Fjárfesting vegna kaupa í stað rekstrarleigu á tveimur bifreiðum fyrir starfsemi velferðar- og mannréttindasviðs, samtals að fjárhæð kr. 6.500.000.
- 3.9. Fjárfestingar og framkvæmdir vegna bátahúss við Byggðasafnið í Görðum að fjárhæð kr. 5.000.000.
- 3.10. Ýmsar aðrar fjárfestingar og framkvæmdir að fjárhæð kr. 36.900.000. Styrkir til viðhaldsframkvæmda verða ekki veittir á árinu 2016 en hækkun verður m.a. á framlagi til viðhalds stofnanalóða samkvæmt nánari útfærslu skipulags- og umhverfissviðs sem liggja skal fyrir eigi síðar en 1. febrúar 2016.

4. Viðhald fasteigna og lóða - Málsnr. 1512117.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 66.755.000 til almenns viðhalds og húsumsjónar í Eignasjóði og Fasteignafélagi Akraneskaupstaðar slf. á árinu 2016.

5. Langtímaveikindi starfsmanna 2016 – ráðstöfun fjármuna - Málsnr. 1512118.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 30.000.000 vegna langtímaveikinda starfsmanna. Stofnanir kaupstaðarins geta sótt um fjárveitingu til þess sviðs sem stofnunin heyrir undir. Bæjarráð tekur endanlega ákvörðun um úthlutun fjármuna.

6. Búnaðar- og áhaldakaup 2016 - Málsnr. 1512119.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 9.856.000 vegna endurnýjunar tækja og áhalda og húsbúnaðar hjá stofnunum bæjarins. Stofnanir kaupstaðarins geta sótt um fjárveitingu til þess sviðs sem stofnunin heyrir undir. Bæjarráð tekur endanlega ákvörðun um úthlutun fjármuna.

7. Niðurgreiðsla til dagforeldra - Málsnr. 1512120.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 2.500.000 vegna aukningar í niðurgreiðslu til dagforeldra. Heimilaðar verða greiðslur til foreldra vegna barna sem náð hafa tveggja ára aldri þar til leikskólapláss hefur verið tryggt samkvæmt nánari útfærslu skóla- og frístundasviðs.

8. Stöðugildi í Grundaskóla - Málsnr. 1512121.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir viðbótar 20% stöðugildi fagaðila í stoðþjónustu Grundaskóla vegna fjölgunar fatlaðra nemenda.

9. Bókasafn og leikskólar – ræsting - Málsnr. 1512122.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 2.500.000 vegna aukinna útgjalda vegna ræstinga í leikskólum og bókasafni.

10. Sementsreitir - viðhald á fasteignum - Málsnr. 1512123.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 2.500.000 vegna nauðsynlegs viðhalds á fasteignum á Sementsreit.

11. Búsetuþjónusta fatlaðra – sérstök úrræði - Málsnr. 1512124.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir aukningu í búsetuþjónustu fatlaðra að fjárhæð kr. 12.000.000 vegna sérstaks úrræðis (NPA).

12. Stjórnmalasamtök á Akranesi - Málsnr. 1512125.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir með vísan til 5. gr. laga nr. 162/2006, að ráðstafa kr. 1.000.000 til starfsemi stjórnmalaflokka á Akranesi á árinu 2016.

13. Skátaskálinn í Skorradal – framkvæmdir - Málsnr. 1512126.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 1.900.000 til Skátafélags Akraness vegna framkvæmda við Skátaskálinn í Skorradal og kaup á rúmum og dýnum í skálinn.

14. Skógræktarfélag Akraness – verkefni við Slögu og Einbúa - Málsnr. 1512127.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 500.000 til Skógræktarfélags Akraness vegna verkefna við Slögu og Einbúa.

15. Íþróttamiðstöðin Jaðarsbökkum – búnaður til sundiðkunar - Málsnr. 1512128.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 2.700.000 til kaupa á búnaði fyrir Íþróttamiðstöðina að Jaðarsbökkum til sundiðkunar vegna beiðni Sundfélags Akraness. Félagið heldur aldursmeistaramót á Akranesi dagana 23.-26. júní 2016 að beiðni Sundsambands Íslands. Um er að ræða 5 ráspalla og tölvu. Gert er ráð fyrir þessu fjármagni í fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun sbr. tillögu 3 hér að framan.

16. Vinakot – tímabundið þjónustuúrræði - Málsnr. 1512129.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að gera ráð fyrir úthlutun fjármuna á árinu 2016 að fjárhæð kr. 68.000.000 til kaupa á tímabundnu þjónustuúrræði frá Vinakoti. Gert er ráð fyrir að útgjöldunum verði mætt með framlögum frá Jöfnunarsjóði sbr. reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna fatlaðs fólks.

Akranesi 10. desember 2015


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri